



Í bljúgri bæn og þökk til þín,  
sem þekkir mig og verkin mín.  
Ég leita þín, Guð, leiddu mig  
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,  
sú rétta virðist aldrei greið.  
Ég geri margt, sem miður fer,  
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,  
ég betur kunni þjóna þér,  
því veit mér feta veginn þinn,  
að verðir þú æ Drottinn minn.

*Pétur Þórarinnsson*



*Fimm Sigurðar*



## MOLDUN

### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjógvun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

## BLESSUN

### EFTIRSPIL

#### *Sprettur*

*Sveinbjörn Sveinbjörnsson*

*Prestur: sr. Þráinn Haraldsson*  
*Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson*  
*Einsöngur: Ásta Marý Stefánsdóttir*  
*Söngur: Kammerkór Akranes Kirkju*  
*Útfararþjónusta Akranes Kirkju*

**Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug**



# *Sigurður Björnsson*

*Fæddur 12. september 1925*

*Dáinn 18. júlí 2021*



*Útför frá Akranes Kirkju*  
*Þriðjudaginn 27. júlí 2021*

## FORSPIL

*Þú komst í hlaðið*

### BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.

Hljóma skal harpan mín:

::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstígans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:

::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörmur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

*Adams - Matthías Jochumsson*

### RITNINGARORÐ



Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjalarstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,  
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyrir í fjarska villtan vængjapyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína, himinborna dís,  
og hlustið, englar guðs í Paradís.

*Atli Heimir Sveinsson -  
Davíð Stefánsson*

### RITNINGARORÐ

Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína,  
þakkarklökkva kveðjugjörð,  
kveð ég líf þitt, móðir jörð.  
Móðir bæði mild og hörð,  
mig þú tak í arma þína.  
Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína.

Blessuð sértu sveitin mín,  
sumar vetur, ár og daga!  
Engið, fjöllin, áin þín  
- yndislega sveitin mín! -  
heilla mig og heim til sín  
huga minn úr fjarlægð draga.  
Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga!

*Sigurður Jónsson  
frá Arnarvatni.*


### GUÐSPJALL

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,  
hnígur að ægi gullið röðulblys.  
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,  
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.  
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnisins fró.  
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn ljúfi blær.  
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.  
Draumgyðja ljúfa, ljá mér vinarhönd,  
og leið mig um þín töfragæstu friðarlönd.  
Ég er þreyttur, ég er þreyttur  
og ég þrái svefnisins fró.

Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

*Stephen C. Foster - Jón frá Ljárskógum*



### MINNINGARORÐ

#### EINSÖNGUR

*Við gengum tvö  
Friðrik Jónsson - V.H. Hallstað*

### BÆN

Nú sefur jörðin sumar græn.  
Nú sér hún rætast hverja bæn  
og dregur andann djúpt og rótt  
um drauma bláa júlí nótt.

Við ystu hafsbrún sefur sól  
og sofið er í hverjum hól.  
Í sefi blunda svanabörn  
og silungur í læk og tjörn.

Á túni sefur bóndabær  
og bjarma á þil og glugga slær.  
Við móðurbrjóstin börnin fá  
þá bestu gjöf, sem lífið á.

Nú dreymir allt um dýrð og frið  
við dagsins þögla sálarhlið,  
og allt er kyrrt um fjöll og fjörð  
og friður drottins yfir jörð.

*Þorvaldur Blöndal -  
Davíð Stefánsson*

### FAÐIR VOR